

Hvað er myndasaga?

Myndasögur hafa verið skilgreindar sem samsíða og kyrrstæðar myndir á fleti sem bera skilaboð.

Það gæti allt eins átt við umferðarskilti.

Myndasögur eru röð mynda þar sem myndirnar hafa yfirburði gagnvart textanum.

Myndasögur geta verið einn rammi

eða fleiri.

David Kunzle

Þessi skilgreining gerir lítið úr hinu flókna samspili mynda og texta sem finna má í myndasögum.

Grundvallaratriði allra myndasagna má kalla samstöðu ímynda.

Það er þegar myndir eru hluti af tiltekinni röð og eru hvort tveggja aðskildar og heyra saman hvað varðar form og merkingu, tíma og stað.

Samspilið milli talblöðru, ramma, bilsins á milli ramma og byggingar blaðsíðunnar kallast flétta.

Þegar orð, myndir og formlegir þættir fléttast saman myndast heilsteyptr frásögn í myndasöguformi.

Myndasögur eru sjálfstætt tungumál.

Thierry Groensteen

myndasögur

bande dessinée

comics

histórias em quadrinhos

fumetti

Til eru alls kyns tegundir myndasagna. Á síðustu árum hefur ný grein rutt sér til rúms, svokölluð myndasögublaðamennska.